

Umhverfisstofnun

Garðabæ 18. mars 2013

Hr. Sigurður Ingason.

**Varðar starfsleyfi fyrir mjöl-og lýsisverksmiðju Vinnlustöðvarinnar h/f í Vestmannaeyjum.**

Fyrir hönd Vinnlustöðvarinnar h/f í Vestmannaeyjum sækji ég um nýtt ( endurnýjað ) starfsleyfi þar sem núverandi leyfi mun renna út 2014.

Verksmiðjan er staðsett austan við frystihús félagsins við höfnina. Á þessum stað hefur verið unnið mjöl og lýsi í eina öld. Sótt er um leyfi fyrir sömu starfsemi eins og skilgreind er í gildandi starfsleyfi, þ.e. mjöl-og lýsisvinnsla fyrir 1200 tonn á sólarhring úr bræðslufiski og fiskúrgangi. Auk þessa verður fiskur flokkaður til frystinga og unnin hrogn sem fyrr.

Við viðlegukanta er löndunarhús, þar sem hægt er að taka á móti fiski til bræðslu og/eða manneldis. Hægt er að landa úr tveimur fiskiskipum samtímis. Hráefni er geymt í tönkum og þróm, en það heyrir til undantekningartilfella ef þróarpláss er notað nema til geymslu á fiskúrgangi frá bolfiskvinnslu Vinnlustöðvarinnar og annarra smærri fiskvinnlustöðva í Vestmannaeyjum.

Hráefnisgeymar eru alls um 5.700 tonn, lýsisgeymar um 4.000 tonn og mjölgeymslur rúma um 2.200 tonn af mjöli í stórsekkjum.

Vinnslukerfi verksmiðjunnar er hefðbundið vinnslukerfi með sjóðurum, pressum vökvavinnslukerfi og gufuburrkurum. Varmanotkun í verksmiðjunni er yfirfærð með gufu inn í vinnslutækin og er gufuframleiðslan í rakskautakatli og olúkötlum.

Eftir að rafskautaketillinn var settur upp 2002 hefur tekist að minnka olúnotkun um helming, en það sem hefur takmarkað notkun á rafskautakatli er annars vegar takmarkaður aflflutningur til Vestmannaeyja og hinsvegar krafa um brennslu á þurrkaralofti í olúkötlum.

Til að auka hlutdeild verksmiðjunnar í rafafli frá landsnetinu framleiðir hún varma fyrir fjarvarmaveituna í Vestmannaeyjum sem þar með getur minnkað orkunotkun í kyndistöð. Varmi sem verksmiðjan framleiðir inn á veitukerfið getur numið allt að 5 MW þegar best lætur.

Verið er að undirbúa möguleika á að auka vægi raforkunotkunar ( og þar með minnka brennslu á olíu ) þegar flutningur á rafafli verður aukin til Vestmannaeyja. Aðrar framkvæmdir sem verið er að vinna að snúa að mestu að endurnýjun á eldri tækjum.

Hjálparefni, sem verksmiðjan notar fyrir utan vatn og kælisjó er mjúksýra, vítissóti, saltþéturssýra, saltsýra og sápur. Þar fyrir utan er notað þráarvarnarefni sem sett er í fiskimjölið. Á vélar fara smurefni, en gerð er grein fyrir þessari efnanotkun í grænu bókhaldi.

Verksmiðjan losar úrgang sem er endurnýttur ( svo sem járn og aðrir málmar ), urðaður ( aðallega frá fitugildru ) og spilliefni til móttöku slíkra efna ( aðallega smurolíur ). Meðfylgjandi umsókninni er :

- Gildandi deiliskipulag.
- Afstöðumynd ( loftmyndir ).
- Viðbragðsáætlun vegna mengunarslysa.
- Staðfesting ábyrgðartryggingar.

Virðingarfyllst.

F.h. Vinnslustöðvarinnar h/f

Páll R. Sigurðsson.